

**177. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, þriðjudaginn 2. nóvember 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hrafnhildur Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Kristín Kötterheinrich varaáheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1**

**. 2104087 - Ungt fólk 2021 - rannsókn og greining niðurstöður**

Verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála kynnir niðurstöður Rannsóknar og greiningar frá því á vorönn 2021.

*Sameiginlegur fundur skóla- og frístundaráðs og velferðar- og mannréttindaráðs við afgreiðslu á lið 1 og 2.*

*Áheyrnarfulltrúar grunnskólanna sátu fundinn undir lið 1 og 2 en þau voru:*

*Arnbjörg Stefánsdóttir og Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjórar.*

*Hrafnhildur Jónsdóttir og Guðrún Hjörleifsdóttir áheyrnarfulltrúar kennara.*

*Kristín Kötterheinrich og Guðrún Gísladóttir áheyrnarfulltrúar foreldra.*

*Áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs Helgi Rafn Bergþórsson situr fundinn undir liðum 1 og 2.*

*Verkefnastjóri um innleiðingu samþættrar þjónustu og Barnvæns samfélags, Sólveig Sigurðardóttir og Vigdís Elfa Jónsdóttir ráðgjafi sitja jafnframt fundinn undir liðum 1 og 2.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar Heiðrúnu Janusardóttur fyrir góða kynningu á niðurstöðum Rannsóknar og greiningar á líðan barna og ungmenna. Lykiltölum í lífi barna.*

*Stefnt er að kynningu á niðurstöðum fyrir foreldra og aðra hagaðila í skólasamfélaginu.*

**2**

**. 2110012 - Barnvænt sveitarfélag**

Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags kynnir stöðuna í innleiðingu á verkefninu.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra samþættrar þjónustu og Barnvæns sveitarfélags fyrir góða kynningu.*

*Gert er ráð fyrir að skóla- og frístundaráð fái reglulega kynningu á framvindu verkefnisins.*

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

**3**

· **2108109 - Þjónustupörf árið 2021 - 2022 - viðbóta stuðningstímar**

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að sviðsstjóri leiti leiða til þess að mæta fjármagnspörf vegna þessa máls þá tvo mánuði sem eftir er af árinu en síðan fari það í farveg launaáætlunar fram að sumarleyfi. Staðan verður endurmetin við úthlutun fjármagns vegna starfs á næsta skólaári.*

**4**

· **2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025**

Farið yfir ferli við fjárhagsáætlunargerð

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**